

# VEIÐIMÁLASTOFNUNIN.

FINNUR GARDARSSON  
OG  
ÞÓRÓLFUR ANTONSSON

SEIÐARANNSÓKNIR Í VATNAKERFI BLÖNDU ÁRIN 1981 OG 1983.

FRAMVINDUSKÝRSLA.

VEIÐIMÁLASTOFNUN

EINTAK BÓKASAFNS

REYKJAVÍK APRÍL 1984.

EFNISYFIRLIT.

	bls.
Inngangur.....	1
Niðurstöður.....	2
Seiðarannsóknir 1981.....	2
Ár á Auðkúluheiði.....	2
Seyðisá.....	2
Hvannavallakvísl, þegjandi, Beljandi.....	2
Kúlukvísl.....	3
Ár á Eyvindarstaðaheiði.....	3
Herjólflækur.....	3
Strangakvísl.....	3
Haugakvísl.....	3
Þúfnavatn og Þúfnalækur.....	4
Galtará.....	4
Vatnakerfi Svartár.....	5
Fossá.....	5
Svartá.....	5
Hlíðará.....	6
Auðólfsstaðaá.....	7
Blanda.....	7
Myndir og töflur - niðurstöður frá 1981.....	9 - 29
Seiðarannsóknir 1983.....	30
Niðurstöður rannsókna í júlí '83.....	30
Niðurstöður rannsókna í ág. - sept. '83.....	31

Pegjandi.....	32
Beljandi.....	32
Seyðisá.....	32
Kúlukvísl.....	33
Herjólfslækur.....	33
Haugakvísl.....	33
Galtará.....	33
Svartá við Bugavatn og lækur úr Bugavatni.....	34a
Svartá neðri hluti.....	34
Neðsti hluti Blöndu.....	35
Umræða og ályktanir.....	35
Niðurstöður 1983 - myndir og töflur.....	38 - 53
Seiðasleppingar á vatnasvæði Blöndu	
Heimildir	

Seiðarannsóknir í vatnakerfi Blöndu árin 1981 og 1983.

## Framvinduskýrsla.

### I. Inngangur

Í þessari framvinduskýrslu mun verða greint frá öllum aðalatriðum sem fram koma við úrvinnslu rafveiðigagna frá árunum 1981 og 1983. Ítarleg skýrsla um seiðarannsóknirnar ásamt úttekt á uppeldisskilyrðum vatnakerfisins mun væntanlega verða birt síðar.

Eins og kunnugt er hefur Veiðimálastofnunin að tilhlutan Landsvirkjunar unnið að all viðamiklum fiskifræðilegum rannsóknum í vatnakerfi Blöndu á árunum 1981-1983. Rannsóknunum má skipta í tvo meginþætti. Annars vegar rannsóknir á stofnstærð og dreifingu göngufisks sem veiddur hefur verið í gildrur í Blöndu og Svartá. Hafa þær rannsóknir farið fram s.l. 2 ár, þ.e. á árunum 82 og 83. (Þórólfur Antonsson 1982 og 1984). Hins vegar er um að ræða seiðarannsóknir ásamt mati á uppeldisskilyrðum í öllu vatnakerfinu. Á árinu 1981 unnu 4 menn í 16 daga í ágústmánuði að gagnasöfnun bæði við seiðarannsóknir og kortlagningu ána. Árið 82 var að því er seiðarannsóknir varðar eingöngu unnið við seiðasleppingar í ýmsar þverár Blöndu þar sem 12000 vorgömlum laxaseiðum var sleppt í tilraunaskyni (Sigurður Már Einarsson 1982). Árið 1983 voru farnar tvær ferðir til seiðarannsókna. Í fyrri ferðinni í júlí voru 4 menn í 3 daga við seiðasleppingar og seiðarannsóknir. Alls var þá 40.000 vorgömlum laxaseiðum sleppt víðs vegar í þverár Blöndu til enn frekari sleppitilrauna (sjá sérstakan kafla þar um). Þá var veitt eingöngu í efri hluta Svartár og víðs vegar í Blöndu. Í seinni ferðinni, 30. ágúst-4. september unnu 2 menn, suma dagana að viðbættum þriðja manni við seiðarannsóknir vítt og breitt á vatnasvæðinu. Þá var árangur sleppinganna frá 82 kannaður í þverám Blöndu á Eyvindarstaða- og Auðkúluheiði auk

Þess sem rafveitt var í neðri hluta Svartár frá Leifsstöðum og niður að ármótum Blöndu og enn fremur á nokkrum stöðum í neðri hluta Blöndu. Að því er rannsóknaraðferðir varðar vísast til endanlegrar skýrslu.

## II. Niðurstöður

### Seiðarannsóknir 1981

Á myndum 1-4 eru rafveiðistaðirnir merktir inn á kort. Alls voru 64 stöðvar veiddar, samtals um 20000m<sup>2</sup>. Hér á eftir verður greint í almennum orðum frá niðurstöðum seiðarannsóknanna í einstökum hlutum vatnakerfisins árið 1981. Til frekari glöggvunar er mönnum bent á myndir og töflur sem sýna niðurstöður nánar.

#### 1. Ár á Auðkúluheiði

##### 1.1. Seyðisá

Veitt var á sex stöðvum 25a, 25-29,33 og voru bleikjuseiði yfirgnæfandi í afla. Þó er þéttleiki þeirra hvergi mikill. Vöxtur bleikjuseiðanna er hægari en gerist í ám á láglandi. Örfá urriðaseiði veiddust og er vöxtur þeirra hægari en bleikjunnar. Aðeins 2 laxaseiði veiddust annað 7,6 cm 1 árs, hitt 8,1 cm 2 ára. Náttúruleg laxaframleiðsla er samkvæmt þessu sáralítill í Seyðisá. Bleikjuframleiðsla er talsverð. Rannsóknir hafa sýnt að hér er að verulegu leyti um sjóbleikju að ræða. Urriðinn er að því er virðist eingöngu staðbundinn og nær því ekki að vaxa neitt að ráði.

##### 1.2. Hvannavallakvísl, Þegjandi og Beljandi.

Í Þegjanda og Beljanda veiddust aðeins örfá bleikjuseiði (22-24) en vöxtur þeirra var heldur betri en í Seyðisá. Hvorki veiddist lax né urriði. Í Hvannavallakvísl, (efsti hluti Þegjanda) veiddist aðeins 1 bleikjuseiði á 920 m<sup>2</sup>.

### 1.3. Kúlukvísl

Eingöngu bleikjuseiði í litlum þéttleika fengust á þremur veiðistöðum (36a-c). Vöxtur bleikjuseiðanna er einna bestur í Kúlukvísl af ám á Auðkúluheiði.

## 2. Ár á Eyvindarstaðaheiði

### 2.1. Herjólfslækur.

Á 2 stöðvum (36,37) veiddust 3 laxaseiði sem öll reyndust 2 ára (frá hrygningu 78). Þau voru þá 9,4-10,1 cm sem er ótrúlega góður vöxtur. Engum laxaseiðum hefur verið sleppt í Herjólfslæk svo vitað sé og virðist því vera að einstaka ár verði náttúruleg laxahrygning í ánni. Einnig veiddust urriðaseiði í litlum þéttleika. Þau eru að öllum líkindum afkvæmi staðbundins urriða.

### 2.2. Strangakvísl.

Veidd var ein stöð (35) en enginn fiskur veiddist. Uppeldisskilyrði virtust vera sáralítill eða engin á þeim köflum sem skoðaðir voru.

### 2.3 Haugakvísl

Ein stöð var veidd í Lambamannalæk (41), sem fellur í Haugakvísl og 9 stöðvar í sjálfri Haugakvísl (39,40,42-48) samtals 5168 m<sup>2</sup>. Í Lambamannalæk fékkst nær eingöngu bleikja og vottaði fyrir urriða. Vöxtur silungsseiðanna var ágætur. Í Haugakvísl veiddust auk bleikju og urriðaseiða einnig laxaseiði á 6 af 9 stöðvum, en í litlum þéttleika. Seiði þessi voru á bilinu 6,8-9,6 cm og reyndust öll 1 árs. Seiði þessi eru afkvæmi hrygningarfisks sem hrygnir haustið 1979. Skv. upplýsingum veiðifélagsins hefur engum seiðum verið sleppt í Haugakvísl fyrir 1981. Vitað er að talsverður lax veiddist í Haugakvísl sumarið 1979, m.a. 17 laxar sem fengust við ádrátt

Þannig hittir á að í kjölfar talsverðrar hrygningar 1979 fylgir óvenju gott árferði 1980 og hrognin hafa náð að klekjast óvenju snemma sumarið 1980. Vöxtur þessara seiða er mjög góður. Það virðist því vera að ef seiði ná sér á annað borð á strik í vexti fyrir fyrsta vetur, skipti það sköpum um lífslíkur þeirra. Árið 1980 þegar þessi seiði eru á fyrsta sumri áraði óvenju vel og Haugakvísl hefur úrvals uppeldisskilyrði að því er botngerð, straumlag og fæðuframboð varðar. Það er því hitastig eða e.t.v. frekar fjöldi sólarstunda sem er takmarkandi þáttur í framleiðslu náttúrulegra seiða í Haugakvísl og öðrum ám á Kili, en klakhraðinn ræðst eingöngu af hitastigi. Ljóst er að Haugakvísl býður upp á góð uppeldisskilyrði fyrir sumaralin laxaseiði.

#### 2.4 Þúfnavatn og Þúfnalækur

Lögó var 6 neta sería í 17 tíma í Þúfnavatn. Fengust 10 bleikju 18-33,5 cm, 3-5 ára og 2 urriðar 13 og 30,5 cm. Í Þúfnalæk (38) fengust nær eingöngu bleikjuseiði og vottur af urriðaseiðum.

#### 2.5. Galtará

Veiddar voru 6 stöðvar (49-54). Laxaseiði veiddust á 5 neðstu stöðvunum. Voru það eingöngu eins og tveggja ára seiði. Eins árs seiðin veiddust einungis neðst í ánni og voru þau í verulega miklum þéttleika á tveimur neðstu stöðvunum. Sleppt hafði verið einu sinni í Galtará fyrir 1981, en það var árið 1979. Tveggja ára seiðin sem veiddust, voru á lengdarbilinu 8,7-14,0 cm, en það bendir til að hluti þeirra hafi jafnvel gengið úr vorið 1981 sem 2 ára gönguseiði. Það er því ljóst að sleppiseiðin frá 1979 hafa dafnað vel í Galtará. Það er athyglisvert að smærri tveggja ára seiðin hafa annað kvarnamynstur en þau stærri og bendir margt til að sá hluti þeirra sé náttúrulegur, m.a. samanburður við jafngömul urriðaseiði. Kvarnir stærri tveggja ára seiðanna sýna að þau hafa verið mun stærri eftir fyrsta sumar og virðast þessir tveir hópar vera vel aðskildir eftir kvörnum að dæma.

Þetta er þeim mun merkilegra þar sem vorið og sumarið 1979 er mjög kalt, meðalofthitastig mánaðana maí-sept. að báðum meðtöldum á Hveravöllum var 2,3°C (miðað við 5,7°C árið 1980). Ef hrygning hefur átt sér stað haustið 1978 verður að álykta að klakið hafi komið mjög seint upp um haustið. Eins árs laxaseiðin sem veiðast á neðstu þremur veiðistöðunum hljóta að vera af náttúrulegri hrygningu (haustið 79, koma upp úr mölinni sumarið 80) þar sem eina sleppingin fyrir 1981 var 1979. Það eru því sömu skýringar á velgengni þessara seiða og sama aldurshóps í Haugakvísl. Vöxturinn í Galtará er aðeins lakari en í Haugakvísl en þéttleikinn er mun meiri.

Talsvert veiddist af bleikju- og sérstaklega urriðaseiðum í Galtará og ýmislegt bendir til að þetta séu staðbundnir stofnar.

### 3. Vatnakerfi Svartár

#### 3.1 Fossá

Veitt var á tveimur stöðvum á kaflanum milli bæjarins Fossa og ármóta Svartár (3,4). Á neðri stöðinni u.þ.b. 1/2 km ofan ármóta fengust eingöngu 2 ára laxaseiði á lengðarbílinu 9-14,0 cm, meðallengd 11,3 cm. Eftir kvarnamynstri að dæma eru þetta allt sleppiseiði og er vöxtur þeirra prýðisgóður. Á efri stöðinni (ca 300 m fyrir neðan bæinn Fossa) fékkst reytingur af laxaseiðum, 3 tveggja ára og 1 eins árs. Á báðum stöðvunum veiddust bleikjuseiði. Samkvæmt sleppiskýrslum hefur sumaröldum laxaseiðum verið sleppt í Fossá frá 1979. Tveggja ára seiðin eru frá sleppingu 79. Seiði úr seinni sleppingum fundust ekki utan 1 eins árs. Áin hentar svo til öll mjög vel til uppeldis laxaseiða (sjá síðar).

#### 3.2. Svartá

Veitt var á einum stað á ófiskgenga svæðinu við vaðið austur af Bugavatni (1) en á því svæði hafði verið sleppt sumaröldum seiðum 1979 og 80. Aðeins fékkst eitt laxaseiði á veiðistaðnum, 1 árs 9,1 cm (sleppt 80) þannig að ekki höfum við hitt á sleppistað. Botngerðin í ánni á þessu svæði



er víða ákjósanleg fyrir laxaseiði og bakkar eru grónir, ólíkt því sem er í Svartárdalnum. Rennsli árinna er vntanlega mun stöðugra á þessum stöðum, minna um flóð og ruðninga.

Á fiskgenga hlutanum voru 15 stöðvar veiðdar á kaflanum frá Stafnsrétt og niður að ármótum Blöndu (2,5-6-18). Á efri hlutanum, niður undir Skottastaði, er þéttleiki laxaseiða fremur lítill fyrir utan einn veiðistaðinn. Vöxtur þessara seiða virðist ívið betir en hjá jafnöldrum þeirra í neðri hlutanum. Engin vorgömul seiði fengust á þessum kafla, en yfirleitt voru bara 1 eða 2 árgangar (1+ og/eða 2+). Frá Skottastöðum fara að fást vorgömul seiði og virðist vera aukinn þéttleiki þeirra eftir því sem neðar dregur, jafnframt því sem vöxtur þeirra verður hægari. Einnig verður vart fleiri árganga á veiðistöðunum og vöxtur hægist. Vöxturinn virðist þannig vera tengdur þéttleikanum í öfugu hlutfalli þannig að meiri þéttleiki gefur hægari vöxt og öfugt. Samt er þéttleiki hvergi verulega mikill miðað við það sem gerist í bestu laxveiðiánum. Það sem er mest áberandi sé heildarveiðin skoðuð (sjá mynd nr. ) er hversu sterkur 1 árs árgangurinn er þ.e. seiði sem koma upp úr mölinni 1980. Að meðaltali er þéttleiki þeirra rúmlega 4 sinnum meiri en tveggja ára seiðanna þrátt fyrir að þéttleiki eins árs seiðanna sé vanmetinn í ríkari mæli en eldri seiða. Það er almennt talið að rafveiðar gefi vanmat á þéttleika (þ.e. lágmarksgildi), sérstaklega varðandi minni seiðin.

Um ána í Svartárdal má almennt segja að botngerðin er víðast hvar góð til uppeldis en straupungi er jafnan mikill alls staðar og ber umhverfi árinna þess merki að hún vaxi mikið í flóðum og botninn sé óstöðugur. Sérstaklega er áin jafnbrött í efri hluta dalsins og sýnist manni seiði eiga mesta möguleika næst strandlengjunni, enda veiddust langflest seiðin ca. 2-4 m út frá árbakkanum.

### 3.3. Hlíðará

Veiddar voru 3 stöðvar á kaflanum frá ármótum Svartár upp að Þverárdal (19-21). Laxaseiði veiddust á öllum stöðunum, mest á stöðinni fyrir neðan Húnaver. Engin vorgömul seiði

fengust, en þau dreifa sér hægt frá hrygningarstöðum í fyrstu þannig að ekki er mikið að byggja á niðurstöðum þriggja veiðistaða að því er vörgömlu seiðin varðar. Lax virðist annars hrygna árlega í Hlíðará og framleiðir áin líklegast gönguseiði á 4 árum að stærstum hluta. Áin býður upp á góð uppeldisskilyrði fyrir laxaseiði en er í straumharðasta lagi á stórum köflum. Botninn er víðast stórgrýttur og hentugur, sérstaklega fyrir stærri seiði. Eðlilegt hlutfall virðist vera milli aldurshópanna eins til fjögurra ára.

#### 4. Auðólfstaðaá

Þrjár stöðvar voru veiddar á kaflanum frá Gautsdal og niður fyrir þjóðveggarbrú (56-58). Áin hefur prýðileg uppeldisskilyrði frá ármótum og upp fyrir gil ofan þjóðveggar. Þá tekur við finni botn á kaflanum upp að bænum Gautsdal, en upp úr því verður botninn aftur góður til seiðauppeldis. Langmest veiddist af laxaseiðum á stöðinni fyrir neðan þjóðveggarbrú, en minnkaði eftir því sem ofar dró. Á neðstu stöðinni veiddust 1-3 ára laxaseiði. Aðeins vottaði fyrir urriðaseiðum á tveimur veiðistöðum. Vöxtur seiða í ánni er þokkalegur og ættu seiðin að ná gönguproska 3 og 4 ára.

#### 5. Blanda

Mjög erfitt er að rafveiða í jökulvatni vegna takmarkaðs sjóndýpis og það eru því eingöngu afstæðar hugmyndir um magn seiða sem fást með samanburði milli staða. Hins vegar fást ágætar upplýsingar um vöxt, tegunda- og aldurssamsetningu.


Í Blöndu var veitt í efri hlutanum, efst ca 10 km fyrir neðan upptök í Hofsjökli (30-32). Þar veiddust engin seiði, en 2 bleikjuseiði sáust skjótast undan rafskautinu þannig að á þessu svæði er líklegast einhver vottur af bleikjuseiðum þótt ógerningur sé að segja til um magn eða þéttleika af nokkurri nákvæmni.


Veitt var rétt fyrir ofan ármót Seyðisár (33-34) ca 470 m svæði og fengust þar einungis örfá bleikjuseiði frá 6,9-10,0 cm eins og tveggja ára. Vöxturinn er tiltölulega hægur.

Ofan ármóta Kúluqvíslar (35a) fengust nokkur vorgömul bleikjuseiði (3,9-5,5 cm) þannig að þar er staðfest hrygning bleikju í Blöndu sjálfri. Auk þess veiddust 2 eins árs bleikjuseiði.

Við Reftjarnarbungu (55) fengust 3 bleikjuseiði, eins og tveggja ára. Ekkert var veitt í neðri hluta Blöndu 1981. Það virðist nokkuð ljóst að í efri hluta Blöndu, ofan Reftjarnarbungu er lítil fiskframleiðsla og þá líklegast eingöngu bleikja.


Mynd 1. Rafveiðistaðir í vatna-kerfi Svartár í ágúst 1981. Veiðistaðir merktir með númerum (sjá texta).






Mynd 2. Rafveiðistaðir í efri hluta Blöndu og Hverám á Auðkúluheiði í ágúst 1981. Veiðistaðir merktir með númerum (sjá texta).

Mynd 3. Rafveiðistaðir í þverám Blöndu á Eyvindarstaðaheiði, Blöndu við Reftjarnarbungu og Ströngukvísl í ágúst 1981. Veiðistaðir merktir með númerum (sjá texta).













Mynd 4. Rafveiðistaðir í Auðólfssstaðaá í ágúst 1981, merktir með númerum (sjá texta).




Hér á eftir fylgja myndir, er sýna lengdardreifingu og aldur veiddra laxfiskaseiða í þverám Blöndu í ágúst 1981. Slíkar myndir hafa ekki verið teiknaðar, þar sem fá seiði veiddust, eins og í ofanverðri Blöndu, Kúlukvísl, Þegjandi, Beljandi, Herjólfslæk og fleiri stöðum. Að öðru leyti skýra myndirnar sig sjálfar.



















Ást auki 42 0+ sem ekki voru lengdarmældir.




Bleikja






Lax



Urridi









Lax

Audólfssstaðaá [56-58]





NIDURSTÖÐUR RAFVEIDA Í SEYÐISA FJÖLDI/100 m<sup>2</sup>

RAFVEIDISTADIR

Teg.	Aldur Ár	27	28	33	29	26	25	25a	Heildar- fjöldu	Meðal- tal
Lax	0	-	-	-	-	-	-	-	-	-
	1	-	0.6	-	-	-	-	-	-	-
	2	1.2	-	-	-	-	-	-	-	-
	3	-	-	-	-	-	-	-	-	-
	4	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Bleikja	0	10.7	2.8	0.5	0.9	-	-	-	-	-
	1	7.1	0.6	2.2	11.4	3.5	-	-	-	-
	2	-	-	0.5	3.5	-	-	-	-	-
	3	-	-	-	-	-	-	-	-	-
	4	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Urriði	0	-	-	-	-	-	-	-	-	-
	1	-	-	-	-	-	-	-	-	-
	2	-	-	-	0.9	0.8	0.9	-	-	-
	3	-	-	-	2.6	-	-	1.3	-	-
	4	-	-	-	-	-	0.4	-	-	-
Samtals		19.0	4.0	3.2	19.3	4.3	1.3	1.3		

NIDURSTÖÐUR RAFVEIDA Í KÖLKVÍSL. FJÖLDI/100 m<sup>2</sup> NIDURSTÖÐUR RAFVEIDA Í HERJÓLFSLÆK FJÖLDI/100 m<sup>2</sup>

Teg.	Aldur	RAFVEIDISTADIR			RAFVEIDISTADIR			Meðal- tal	Meðal- tal				
		36b	36a	36c	Heildar- fjöldi	Meðal- tal	36			37	Heildar- fjöldi		
Lax	0	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
	1	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
	2	-	-	-	-	-	0.8	0.4	1.2	0.6	-	-	-
	3	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
	4	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Bleikja	0	-	-	3.8	3.8	1.3	-	-	-	-	-	-	-
	1	1.2	3.4	3.8	8.4	2.8	-	-	-	-	-	-	-
	2	0.6	-	1.3	1.9	0.6	-	-	-	-	-	-	-
	3	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
	4	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Urriði	0	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
	1	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
	2	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
	3	-	-	-	-	-	1.1	0.4	1.5	0.8	-	-	-
	4	-	-	-	-	-	-	0.4	0.4	0.2	-	-	-

GALTARÁ: ÁÆTLAÐUR SEIDAFJÖLDI Á VEIDISTÖÐUNUM MÍÐAD VÍÐ 100 m<sup>2</sup>

RAFVEIDISTAÐIR

Teg. Lax	Aldur Ár	49	50	51	52	53	54	Heildar- fjöldi	Meðal- tal
	0	-	-	-	-	-	-	-	-
	1	-	-	-	2.0	66.8	28.7	97.5	16.3
	2	-	2.4	4.9	13.2	9.0	14.1	43.6	7.3
	3	-	-	-	-	-	-	-	-
	4	-	-	-	-	-	-	-	-
Bleikja	0	-	1.2	-	-	-	-	1.2	-
	1	10.8	13.1	0.8	-	-	0.4	25.1	2.8
	2	17.4	-	-	-	1.8	0.4	19.6	3.3
	3	-	-	-	-	-	-	-	-
	4	-	-	-	-	-	-	-	-
Urriði	0	-	-	-	-	-	-	-	-
	1	-	-	2.5	0.5	-	-	3.0	0.5
	2	-	-	4.1	1.0	2.7	2.0	9.8	1.6
	3	2.2	-	8.9	0.5	7.2	1.6	20.4	3.4
	4	-	-	2.5	-	1.8	0.4	4.7	1.6
		30.4	16.7	23.7	17.2	89.3	47.6		36.8

7.1

6.1

HAUGAKVÍSL: NIÐURSTÖÐUR RAFVEIÐA FJÖLDI/100 m<sup>2</sup>

RAFVEIÐISTADIR

Teg.	Aldur Ár	39	40	45	44	43	42	46	47	48	Heildar- fjöldi	Meðal- tal
Lax	0	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
	1	-	-	0.3	-	0.2	0.6	1.9	1.7	5.5	10.2	1.1
	2	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
	3	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
	4	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Bleikja	0	-	-	-	-	0.2	0.4	-	-	-	0.6	0.1
	1	-	0.5	-	-	-	-	-	-	0.4	0.9	0.1
	2	0.3	0.9	0.3	-	-	-	1.0	-	0.8	3.3	0.4
	3	1.4	1.9	-	-	-	-	1.0	-	-	4.3	0.5
	4	0.3	-	-	-	-	-	-	-	-	0.3	0.03
Urriði	0	-	-	-	-	-	8.6	-	-	-	8.6	1.0
	1	-	-	-	-	1.5	0.4	-	-	-	1.9	0.2
	2	0.8	0.9	-	-	1.2	2.0	1.0	0.6	-	6.5	0.7
	3	0.8	-	-	-	1.0	-	0.5	0.6	-	2.9	0.3
	4	0.8	-	0.3+0.3	0.3	0.2	-	-	0.6(5+)	0.8(5+)	1.1	0.1
	4.4	4.2	1.2	0.3	4.3	12.0	5.4	3.5	7.5	4.7		

Agúst 1981

NIDURSTÖÐUR RAFVEIDA Í AUBÓLFSSTADAA. FJÖLDI/100 m<sup>2</sup>

RAFVEIÐISTADIR

Teg.	Aldur	57	56	58	Heildar- fjöldi	Meðal- tal
Ar						
Lax	0	—	—	—	—	—
	1	—	36.2	—	36.2	12.1
	2	5.8	3.5	0.9	10.2	3.4
	3	3.9	1.7	1.8	7.4	2.5
	4	—	—	—	—	—
Bleikja	0	—	—	—	—	—
	1	—	—	—	—	—
	2	—	—	—	—	—
	3	—	—	—	—	—
	4	—	—	—	—	—
Urriði	0	—	—	—	—	—
	1	4.8	—	1.8	6.6	2.2
	2	—	—	—	—	—
	3	0.9	—	—	0.9	0.3
	4	—	—	—	—	—

Agúst 1931

NIDURSTÖÐUR RAFVEIÐA Í HLÍÐARÁ FJÖLDI/100 m<sup>2</sup>

Teg.	Aldur Ár	RAFVEIÐISTADIR				Heildar fjöldi	Meðal- tal
		20	21	19	19		
Lax	0	—	—	—	—	—	—
	1	0.8	12.5	42.7	56.0	18.7	18.7
	2	4.6	1.7	12.2	18.5	6.2	6.2
	3	4.6	5.8	2.6	13.0	4.3	4.3
	4	—	—	0.5	0.5	0.2	0.2
Bleikja	0	0.8	—	—	0.8	0.3	0.3
	1	0.8	4.2	—	5.0	1.7	1.7
	2	—	0.8	—	0.8	0.3	0.3
	3	—	—	—	—	—	—
	4	—	—	—	—	—	—
Urriði	0	—	—	—	—	—	—
	1	—	—	—	—	—	—
	2	—	—	—	—	—	—
	3	—	—	—	—	—	—
	4	—	—	—	—	—	—



Seiðarannsóknir 1983.

Vorgömlum laxaseiðum hafði verið sleppt víðsvegar í efri þverár Blöndu í tilraunaskyni sumarið 1982 (Sigurður Már Einarsson 1982). Árangur þessara sleppinga var athugaður með rafveiðum sumarið 83. Þá var einnig sleppt 40 þúsund vorgömlum laxaseiðum vítt og breitt í þverár til enn frekari tilrauna.

Áður en sleppt var í Svartá var rafveitt í efri hlutanum (14. júlí) frá Leifsstöðum upp að Stafni til að kanna lauslega seiðamagn og aldurssamsetningu á fyrirhuguðum sleppistöðum í þessum hluta árinna. Niðurstöður þeirra veiða má sjá í töflu 1 og á mynd 5. Á þessum kafla fengust nær eingöngu 3 ára seiði (80 árgangurinn), engin yngri. Fá seiði veiddust á hverjum stað og engin laxaseiði veiddust á stöðvunum í kring um Stafn.

Niðurstöður rannsókna í júlí 1983.

Stöðvarnar í Svartá eru merktar með bókstöfunum O - T á mynd 1. Seiðaveiðar fóru fram í Blöndu á sama tíma (14. og 15. júlí) og eru það stöðvar A - N á mynd 1 og 4.

Eins og fyrr segir veiddust enginn laxaseiði á tveimur efstu stöðvunum í Svartá (O,P), en tvö bleikjuseiði á annarri. Síðan fer að verða vart við lax á næstu stöðvum, en aðeins 3 ára seiði, þar til við Leifstaði (T) en þar veiddust bæði 2ja og 3ja ára seiði,. Auk þess finnast bleikju- og urriðaseiði á þessum stöðvum.

Þar sem talið var að lax hefði ekki hrygnt í efri hluta Svartár var reynt, með þessu móti að rekja sig niður eftir ánni með seiðaveiðum til að finna út hversu langt uppeftir náttúruleg hrygning næði. Samkvæmt niðurstöðum rafveiðanna var hrygningar eða klakþröskuldurinn á milli Leifstaða og Steinár. Hefðu þá þessi 3ja ára seiði átt að vera sleppiseiði frá sleppingu 1980. Ekkert bendir þó til að þetta séu sleppiseiði en margt sem styður það að hér sé um náttúruleg seiði að ræða. Sleppt hefur verið í fremsta hluta Svartár og í Fossá um margra ára skeið (sjá töflu 3) og því ættu að vera

margir árgangar á þessum stöðum í ánni. Eftir hreisturmynstir seiðanna í efri hluta árinna að dæma svo og með samanburði á vexti jafngamalla seiða á neðri hlutanum er hér langlíklegast um náttúruleg seiði að ræða. Sé svo vaknar sú spurning af hverju ekki eru allir árgangar af seiðum í efri hluta árinna (annað hvort náttúrulegir eða sleppiseiði). Ekkert öruggt svar er til en hægt er að leiða getum að því að klak eða hrygning bregðist þar sum ár en önnur ekki, eða jafnvel einhverjar katastrofur verði í ánni s.s. flóð ruðningar eða þ.u.l. og á því séu áraskipti.

Í Blöndu var veitt á 14 stöðvum á sama tíma (stöðvar auðkenndar A - N). Lax fékkst á 10 stöðvum af þessum 14 og má því segja að vart hafi verið við lax á svæðinu frá Sandá niður að ós, að undanskildu sandasvæði í miðjum Langadal (tafla 2). Ekki er gott að meta það hversu þéttleiki seiðanna er mikill á þessum svæðum þar sem veiðanleiki er óþekkt stærð vegna jökullitaðs vatns. Þéttleiki virtist vera lítill á flestum stöðvunum, en mestur frá ármótum Svartár og Blöndu upp fyrir Blöndubrá. Bleikja og urriði voru á svæðinu á móts við Finnstungu og upp að Blöndubrá og líka ofan við Blöndugil (stöðvum A - C).

Aldur laxaseiðanna spannaði yfir 1-5 ár en ekki varð vart við 0+ seiði. Laxaseiði í Blöndu ná göngustærð á 3-5 árum og skila sér bæði sem 1 árs og 2ja ára úr sjó þannig að hluti margra árganga er inni í veiðinni hverju sinni. Bleikjuseiðin sem veiddust reyndust vera 1-4+ og urriðinn 2-7+. Þessi há aldur á urriðanum bendir til að þetta sé staðbundinn stofn, enda hefur lítið gengið af sjóbirtingi í gilðruna í Blöndu síðustu tvö sumur (D.A. 1982 og 84).

#### Niðurstöður rannsókna í ágúst-september 1983.

Um mánaðarmótun ágúst - sept. var aftur rafveitt vítt og breitt um vatnakerfið. Tilgangurinn var að athuga um afdrif þeirra seiða sem sleppt hafði verið í þveránnar á hálendi árinu áður (S.E. 1982) og einnig þau svæði sem útundan höfðu orðið í fyrri ferðinni þ.e. neðri hluti Svartár og Blöndu (stöðvar 1-28 á myndum 1-4).

Byrjað var efst í vatnakerfinu og haldið niður. Fjallað verður um hverja á fyrir sig og sérstaklega tíundaðir þeir staðir sem sleppt var á.

#### Þegjandi.

Veitt var á sleppistað í Þegjanda og fengust þar 9 eins árs laxaseiði, meðallengd um 8 cm (mynd 9). Flest bendir í þá átt að þetta séu sleppiseiði frá 82. Auk þessara seiða fékkst eitt þriggja ára laxaseiði, sem getur ekki verið sleppiseiði, orðið 14 cm sem er mjög góður vöxtur og sýnir að þarna hefur orðið náttúruleg hrygning 79 og klak 80. Tvö eins árs bleikjuseiði veiddust á þessu svæði.

#### Beljandi.

Aðeins eitt laxaseiði (1+) fékkst í Beljanda. Líklegt þykir að þarna sé um sleppiseiði að ræða, enda veitt á sleppistöð. Seiðið hafði náð 6 cm lengd en það er vísbending um mun lélegri vöxt en í Þegjanda. Beljandi er ekki góð á til uppeldis laxaseiða vegna lágs vatnshita og óhentugrar botngerdar. Þrír árgangar af bleikjuseiðum veiddust í ánni og þar hefur líka veiðst fullorðin bleikja.

#### Seyðisá.

Laxaseiðum var sleppt bæði 1982 og í júlí 1983. Einnig var sleppt árið 1979 en nokkuð óljóst er með sleppistaði þá og fjölda seiða. Ekkert fannst af þeim seiðum sem ættu að vera frá 1979. Veitt var á þremur stöðvum (3-5) og fengust 6-7 laxaseiði á hverri stöð. Þau voru 0-1+ og eru líkast til úr sleppingum frá 82 og 83, en ekki er hægt að fortaka það að innan um séu náttúruleg seiði. Á sömu stöðvum voru líka urriða- og bleikjuseiði og er vöxtur bleikjuseiðanna mun betri svo að 1+ bleikja og 2+ urriði eru svipuð að lengd.

### Kúlukvísl.

Í Kúlukvísl var veitt á tveimur stöðvum (6 og 7). Þar fannst töluvert af laxaseiðum bæði 0+ frá sleppingu 83 og 1+ úr sleppingu 82, en þau seiði eru svipuð að lengd. Seiðin sem sleppt var seinna sumarið voru mun stærri en hin frá 1982. Eins, tveggja og þriggja ára bleikjuseiði voru í þessari á en aðeins eitt urriðaseiði fékkst 3ja ára gamalt.

Á Eyvindarstaðaheiði voru kannaðir sleppistaðir í Herjólfslæk, Haugakvísl og þremur stöðum í Galtará. Niðurstöður fara hér á eftir.

### Herjólfslækur.

Sleppistöðin (8) í Herjólfslæk var skammt fyrir ofan ármót hans við Ströngukvísl. Þar fengust 11 laxaseiði sem voru 1+ og passar það við sleppingu 82. Þau höfðu vaxið vel, meðallengd um 7,5 cm. En það sem vekur furðu er að einnig fengust tvö seiði 3+ og eitt 4+. Aldrei hefur verið sleppt í Herjólfslæk laxaseiðum fyrr en 1982, þannig að hér er um náttúrulegt klak að ræða og það frá tveimur árum. M.a.s. er annað frá klaki 79 sem er eitt kaldasta ár aldarinnar. Enn er því komið að spurningunni hvers vegna hefur lax ekki náð þarna meiri uggafestu en raun ber vitni, úr því að eitthvað klakhefur heppnast í hallærisári á borð við 1979 upp undir jöklum í 500-600 m hæð yfir sjávarmáli. Auk þess fæst sambærilegur vöxtur hjá þeim seiðum sem ná að klekjast á við það sem gerist í betri ám suðvestanlands. Við þessu eru engin örugg svör, en það er ljóst að ef seiðin ná á annað borð að lifa af fyrsta árið virðast þau dafna og vaxa vel.

### Haugakvísl.

Í Haugakvísl veiddust 4 árgangar laxaseiða. 0+ og 1+ seiðin skarast verulega á lengdardreifingarmynd, frá bilinu

5,5-9 cm. Þessi seiði eru að öllum líkindum sleppiseiði frá 82 og 83, en seiðin sem sleppt var 83 voru að meðaltali u.p.b. 2 cm lengri þegar þeim var sleppt. Eldri seiðin 2+ og 3+ eru örugglega náttúruleg seiði, þar sem aldrei hafði verið sleppt laxaseiðum í Haugakvísl fyrir árið 82. Þau seiði hafa náð að vaxa ótrúlega hratt, en vöxtur þeirra er á við það sem best gerist hér á landi. Í Haugakvísl var þéttleiki laxaseiða einna mestur í samanburði við hinar heiðaárnar. Haugakvísl hefur víða kjörbotn fyrir laxaseiði og kann að vera um nokkurt magn sé að ræða í neðri hluta árinna af seiðum, en aðeins var farið á einn stað þar sem sleppt hafði verið seiðum 82 og 83. Á þessari stöð fundust líka urriðaseiði 2-4 ára gömul, en ekkert bleikjuseiði.

#### Galtará.

Töluvert var af 1+ laxaseiðum á þeim stöðvum sem sleppt var á 82 og rafveiddar voru s.l. sumar, einnig 0+ seiði frá því úr sleppingu fyrir um sumarið. Þá var slangur af 3+ seiðum sem eru hreiturnar af þeim 1 árs seiðum sem fengust við rafveiðar 1981.

Í Galtará fundust tveir árgangar (1+ og 2+) af bleikjuseiðum en þrír árgangar af urriðaseiðum (1+, 3+ og 4+).

#### Svartá neðri hluti (stöðvar 16-24).

Alls var veitt á 9 stöðvum í Svartá frá Stafni og niður að Húnaveri (mynd 12 og 13). Hafði það tvíþættan tilgang, annars vegar að athuga árangur sleppinga fyrir um sumarið frá Stafni og niður undir Leifsstaði og hins vegar að kanna seiðaástand í neðri hluta árinna þar sem frá var horfið í júlí. Á efstu stöðinni við Stafn fannst nokkuð af þeim seiðum sem dreift var 1 1/2 mánuði fyrir og sama má segja um stöðina við Skottastaði. Frá Leifsstöðum og niður úr finnast fleiri árgangar þó mest af 2+ og 3+ sem eru elstu seiðin í ánni. Aðeins finnast vottur af 1+ , en ekkert af 0+. Þetta er öfugt við það sem eðlilegt má

Svartá við Bugavatn og lækur úr Bugavatni (stöð 13 og 14)

Þetta svæði er á ófiskgengum hluta vatnakerfisins og því er ekki um nema sleppi laxaseiði að ræða. Tveir árgangar (1+ og 2+) fundust í Svartánni sjálfri við Buga og döfnuðu þau vel. Í læk sem rennur úr Bugavatni fannst einn árgangur (2+) sem hefur verið sleppt þar árið '81, þau voru frá 8 - 12 cm löng, eða svipuð að stærð og einu árinu eldri seiði á fiskgenga hlutanum.

Enginn urriði fannst þarna, en töluvert af bleikjuseiðum, sérstaklega í læknum.

teljast og sést í flestum ám og m.a.s. í Svartá fyrir tveimur árum, að þá eru yngstu seiðin flest en fækkar svo, vegna eðlilegra affalla eftir því sem þau eldast. Notast er við það sem þumalputtareglu að um 90% afföll verði milli 0+ - 1+ en 50% á milli ára þar eftir, þó það geti að sjálfsögðu verið mjög breytilegt. Í ljósi þessa er það undarlegt hvað 3+ seiðaárgangurinn er stór miðað við hina og mætti ætla að hann gæfi góða göngu af sér þegar þar að kemur.

Ef lítið er á mynd 13 má sjá að vöxtur seiða er heldur betri eftir því sem ofar dregur í Svartánni og stafar það sennilega af minni þéttleika eftir því sem ofar dregur og einnig er botngerð betri þar efra á köflum. Núll, eins og tveggja ára bleikja fannst í Svartá víða, en aðeins vottaði fyrir urriða.

Neðsti hluti Blöndu (stöðvar 25, 25 og 28).

Svo virðist sem neðsti hluti Blöndu þar sem sandflákunum sleppir og niður úr framleiði laxaseiði. Eins og fyrr getur er erfitt að veiða í jökullitaðri ánni og því ekki hægt að segja til um hversu mikið sleppur af seiðunum við veiðarnar og hvort algjörlega er farið á mis við minnstu seiðin. Samt sem áður er undarlegt hér sem annars staðar í vatnakerfinu hvað mikið er af eldri seiðum (3-4+) en lítið eða ekkert af þeim minni.

Umræða og ályktanir.

Það er ljóst að heiðaárnar á Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiði standa undir einhverri náttúrulegri laxaframleiðslu. Á því eru talsverð áraskipti, þannig að klak virðist heppnast þar sum árin, önnur ekki. Vöxtur þeirra seiða sem upp komast er mjög góður. Þær ár sem telja verður bestar í þessu tilliti eru Haugakvísl, Galtará og Herjólfslækur. Náttúrulegt laxaklak virðist síður eiga sér stað í ám á Auðkúluheiði, en hins vegar er aðal beikjuframleiðslan í Seyðisá og þaðan er megnið af sjóbleikjunni upprunnið. Það er einnig nokkuð ljóst að nýta má þessar ár sem beitarsvæði fyrir smáseiði. Stærstu nýtanlegu

uppeldissvæðin eru í Haugakvísl (ca 22 ha) og Seyðisá (ca 18ha) aðrar ár hafa nýtanleg uppeldisskilyrði upp á ca 25 ha samtals. Í jökulánum ofan Reftjarnarbungu er líklegast lítil sem engin laxaframleiðsla. Eitthvert bleikjuuppeldi fer þar fram en sennilega leggur það svæði ekki mikið til sjóbleikjuveiðinnar.

Svartárkerfið býður upp á verulega ræktunarmöguleika, sérstaklega öll Fossáin, en í henni er ca 10 ha mjög vænlegt uppeldissvæði. Svartá ofan Stafns-gils fóstur mjög vel laxaseiði á grýttu brotunum, en það svæði er þó ekki verulega stórt í hekturum talið, þar sem ca. 40% árbotsins frá gljúfri upp að Bugakofa samanstandur af sandi og finni möl.

Í Stafns-gili frá Bugum að Stafns-rétt (ca. 15 km) er áin að verulegum hluta straupung og botn er grófgrýttur. Fáir hyljir eru á svæðinu og hrygningarskilyrði eru lítil. Stærstur hluti þessa kafla býður upp á góð uppeldisskilyrði fyrir laxaseiði.

Í neðri hluta Svartár, ca upp að Leifsstöðum er eðlileg laxaframleiðsla þótt styrkleiki einstakra árganga sé sveiflukenndur. Í efri hlutanum upp undir Stafns-rétt er ástandið mjög sérkennilegt en þar hefur verið sleppt árlega smáseiðum a.m.k. síðan 1976. Þau virðast fara forgörðum að verulegu leyti af einhverjum ástæðum. Þær ástæður má e.t.v. rekja til mikils og jafns straupunga og botninn virðist mjög óstöðugur þannig að flóð og jakaruðningur spilla enn frekar möguleikum seiðanna á þessum kafla. Það kom í ljós að talsvert var af 3 ára seiðum á þessum kafla, þ.e. seiðum sem klöktust sumarið 80 og flest bendir til að þau séu afkomendur náttúrulegrar hrygningar.

Í neðri hluta Blöndu er laxaframleiðsla talsverð, hversu mikil er ógjörningur að segja. Í kring um Reftjarnarbungu hafa veiðst örfá 3ja og 4 ára laxaseiði, engin þar fyrir ofan. Þessi seiði gætu verið upprunnin úr efri þveránum. Blöndugljúfrin frá Reftjarnarbungu niður að Eldjárnsstöðum (ca 25 km kafla) eru algjört spurningarmerki sem uppeldissvæði, en ólíklegt er að þar sé um verulegt seiðauppeldi að ræða, vegna





straumpunga en botngerðin er þar óþekkt.

Á kaflanum frá ármótum Gilsár og niður fyrir ármót Svartár fer fram uppeldi laxaseiða, en mest veiddist á svæðinu frá því ca 1/2 km ofan Blöndubrúar og niður að ármótum Svartár. Nær eingöngu fengust 2ja ára og eldri seiði. Síðan tekur við 12-15 km langur kafli niður undir Ystagil, þar sem botn er sendin og áin fremur lygn, en þar eru uppeldisskilyrði mjög rýr. Frá Ystagili og niður undir flúðir er botn orðinn grýttur og þar tekur aftur við svæði þar sem laxaseiði alast upp (ca 6 km kafli). Á því svæði veiddust eingöngu 2ja ára og eldri laxaseiði ásamt reiting af urriða- og bleikjuseiðum.

Það sem einkennir seiðaástandið þegar á heildina er litið árið 1983 er sérkennilegt vægi seiðaárganganna. Mun meira er af stærri seiðum, sérstaklega klakárganginum frá 1980. Þannig má segja að píramídið sé öfugur við það sem eðlilegt má teljast. Líklegt er að sterki árgangurinn frá 1980 fari að skila sér fyrst í einhverjum mæli í veiði sumarið 84, en aðallega þó sem smálax 85 og stórlax 86. Eftir það gæti farið að draga úr veiði vegna veikra klakárganga frá 81 og 82.

Mynd 1. Rafveiðistaðir í vatnakerfi Blöndu í júlí (A - T) og ágúst - sept. (13 -24) 1983.







0 1 2 3 4 5 KM.

Mynd 2. Rafveiðistaðir í þverám Blöndu á Auðkúluheiði í ágúst - sept. 1983.

Mynd 3. Rafveiðistaðir í þverám Blöndu á Eyvindarstaðaheiði í ágúst-sept. 1983.





Mynd 4. Rafveiðistaðir í neðsta hluta Blöndu í ágúst - sept. 1983.

Tafla 1


Niðurstöður rafveiða í Svartá 14. júlí '83. Ein veiðiyfirferð.

Rafveiðistaður	Stærð veiðisvæðis í m <sup>2</sup>	Lax	Fjöldi veiddra	
			Bleikja	Urriði
Urriði Stafnsrétt (O)	420	0	0	0
100 m.f.n Stafn (P)	315	0	2	0
5 km f.o. Hvarn (Q)	315	14	10	2
1 km f.n. Hvarn (R)	182	5	2	1
100 m.f.o brú að Leifná (S)	100	15	3	0
100 m. ofan Leifsstaða (T)	200	12	2	1


Mynd 5

Lengdardreifing veiddra seiða í Svartá 14. júlí 1983.


Ofan Steinár. (0-s)



Bleikja




Urríði



Lax

200m ofan Leifsstaða. (T)



Tafla 2


Niðurstöður rafveiða í Blöndu 14. og 15. júlí 1983.

Veiðistaður	Stærð veiðisvæðis		Lax	Fjöldi veiddra	
	í m <sup>2</sup>	fj. yfirferða		Bleikja	Urriði
1 km. f.o. ós Sandár (A)	448	1	1	8	5
1 km. f.o. vað við Reftjarnabungu (B)	448	1	1	16	0
1 km. f.o. vað við Reftjarnabungu (C)	470	1	0	16	1
100 m.o. Eldjárnsstaði (D)	160	1	0	2	0
100 m.o. Gilsár (E)	350	1	1	0	0
Óst í Gilsá (F)	20	1	1	0	0
100 m.f.n Gilsá (G)	150	1	0	0	0
100 m.f.o Blöndubru (H)	150	1	8	0	0
100 m.f.n. Blöndubru (I)	525	2	34	1	0
100 m.o. við Finnstungu (J)	100	1	5	1	0
100 m.o. við Finnstungu (K)	200	2	12	2	2
100 m.o. ármóta Svartár (L)	300	1	13	0	0
100 m.o. laxastiga (M)	100	1	2	0	0
100 m.o. laxastiga og í brúar (N)	150	1	0	0	0




Mynd 6

Lengdardreifing veiddra seða í Blöndu 14. júlí 1983. (A-N)




Hér á eftir fylgja myndir, sem sýna lengdardreifingu og aldur  
veiddra laxa- og silungsseiða á ýmsum stöðum í vatnakerfi  
Blöndu 30. ágúst - 4. september 1983.


Lax í Blöndu




Lax í Herjólfslæk. (8)




Lax í Haugakvísl. (9)




Lax í Galtará efsta stöð. (10)



Lax í Galtará stöð 300m f.o. vað. (11)




Lax í Galtará. stöð f.n. vað. (12)





LENGD (cm)


Lax í þverám Blöndu.



Urriði  og bleikja  í þverám Blöndu.










Mynd 13



Seiðasleppingar á vatnasvæði Blöndu

Ar	Fjöldi seiða	Aldur seiða	Hvaðan fengin	Sleppisvæði
1976	15.000			Svartá fram að Fossum
1977	20.000			Svartá " " "
1978	15.000 4.800	Sumaralin Göngusl.		" " " (alin fyrst í tjörn við Hvamm)
1979	20.000	4 cm	Sauðárkróki	" við Hvamm (2000), Stafnsrétt (6000) 3-4 km svæði, 4 þús í Fossá neðarl. 2 þús. í Bugavatn, 2 þús. í Galtará og 6 þús. í Svartárgil frá Bugum niður undir gljúfur.
1980	25.000	Sumaralin	Hólalax	Dreifing eins og 79, nema ekki í Bugavatn og Galtará
1981	25.000	Sumaralin	Hólalax	Dreifing líkt og 80 nema 1500 seiði í Auðólfst., 1500 í Hlíðará og 1500 í Hólal.
1982	20.000	Sumaralin	Hólalax	Frá Steiná í Stafnsgil og Fossá neðst þar af 1500 í Fossádrög á leið í Buga (fyrsta slepping)
	8.000	"Millistæró"	Hólalax	Framan Fossa allt fram fyrir Kóngsgarð, við Kúfustaði
	12.000	Sumaralin		(Sjá skýrslu Sigurðar Más um sleppingar á heildum 82).
				Sleppt í Galtará, Haugakvísl og Herjólfslæk að austan en Kúlukvísl, Þegjanda, Beljanda og Seyðisá að vestan
	3.000	Gönguseiði	Hólalax	Niður undir Blönduósi
1983	10.000	Gönguseiði	Hólalax	5000 í Svartá v. Gil og 5000 í Blöndu v. Hólalab.
	40.000	Sumaralin		í Svartá framarlaga Sjá Skýrslu Finns G. í Þverár á heildum

## HEIMILDIR

Sigurður Már Einarsson 1982. Smáseiðasleppingar á laxaseiðum  
í þverár Blöndu 22. - 25. júlí 1982. Veiðimálastofnun. 7 bls.

Þórólfur Antonsson 1982. Rannsóknir á fiskistofnum Blöndu 1982.  
Veiðimálastofnun. 32 bls.

Þórólfur Antonsson 1984. Rannsóknir á fiskistofnum Blöndu 1983.  
Veiðimálastofnun. 37 bls.